

Fimmtudaginn 5. maí 1960.

Nr. 11/1960. Kristján Bjarnason, eigandi Norður-Hvols
(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

eigendum Péturseyjar I og II, Valla og Nik-
hóls, þeim Sigurjóni Árnasyni, Elíasi Guð-
mundssyni, Þórði Guðmundssyni og Herði
Þorsteinssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.)

og

landbúnaðarráðherra vegna ríkisjarðanna
Fells, Holts, Keldudals og Álftagrófar
(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)

og

eigendum Suður-Hvols, þeim Arnþrúði Guð-
jónsdóttur, Guðmundi Eyjólfssyni og Sigurði
Eyjólfssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómsmennur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og
Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
Magnús Þ. Torfason.

Landamerksamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
stefnu 27. janúar 1960 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi.
Eru kröfur hans þessar:

Aðallega, að landamerki milli Hvols og aðliggjandi jarða
að vestan og norðan verði ákveðin úr tveimur vörðum í
Hvolsmóa við sjó, punkti D á uppdrætti Þórhalls Jónsson-
ar, dómskipaðs mælingamanns, í stefnu á Kristínarklett
austan í Fellsfjalli, allt þar til „hesteyra“ af Mávadrangi
ber undan Skeiðflatarhlið, punktur A₁ á uppdrættinum.
Þaðan í beina stefnu á Reyðarfoss í Dalaheiði, þar til sú
lína sker framhald austurmerkjagirðingar Hvolslands á Haf-
ursáraurum, þ. e. í punkti E á nefndum uppdrætti.

Til vara, að ákveðin verði sömu mörk að vestan og áður

voru greind, en síðan úr punktinum A_1 beina stefnu í vörðu á Hafursáraurum, 133 metra norðan punktsins B á uppdrættinum.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefndu in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn. Þá hafa og dómendur Hæstaréttar farið á vettvang og kynnt sér staðhætti.

Í landamerkjalýsingu Péturseyjar frá 1. apríl 1888 segir svo um landamerki milli Péturseyjar og Hvals: „Tvær vörður fram við sjó, sem beri hvor í aðra, og svo til fjalls, þar til sjáist hvassasta af brúninni af Hrosshömrum bera austan við Kristínarklett austan í Fellsfjalli, en þá nær landamarkið ekki lengra til fjalls en að sjáist (um) sem? hesteyra af Máfadrang vestan undan Skeiðflatarhliðinni“.

Í landamerkjalýsingu Hvals frá 1. júní 1921 er eftirfarandi tekið fram um landamerki milli Hvals og Péturseyjar og Hvals og Holts:

„Fjörumark, þegar hesteyra af Hrosshömrum ber austan undan Fellsfjalli að ofan Kristínarkletti, og eru vörður tvær reistar vestast á Hvolsmóa, sem eru í þeirri beinu stefnu. Landamark hið sama eftir Hafursáraurum alla leið upp í hornmark milli Hvals og Holts og Péturseyjar og Fells, sem er á Hafursáraurum, þar sem hesteyra af Máfadrang ber undan Skeiðflatarhliðinni og Reyðarfoss er opinn undan Leynimýrarkórum (á miðju sundi)“.

Áfrýjandi heldur því fram, að ákveða beri vesturmörkin samkvæmt framanskráðum landamerkjalýsingum þannig, að dregin sé bein lína um vörðurnar í Hvolsmóa og svo áfram sama stefna á Kristínarklett, unz komið sé að punktinum A_1 á uppdrættinum, þar sem hesteyra af Mávadrang sézt undan Skeiðflatarhliðinni.

Eftir þessari kröfugerð mundi punkturinn A_1 mynda norðvesturhornmark Hvalsjarða. En samkvæmt sömu landa-

merkjalýsingum ákveðst það hornmark af þremur miðum, þ. e. þar sem hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhliðinni, Reyðarfoss er opinn undan Leynimýrarkórum á miðju sundi og þar sem hvassasta af brúninni af Hrosshömr-um sést bera austan við Kristinarklett. Punkturinn A_1 samræmist aðeins einu af þessum miðum, þ. e. Mávadrangslínunni. Hins vegar eiga öll þessi mið við um punktinn C á uppdrættinum. Eftir staðháttum var nauðsynlegt, að norðvesturhornmarkið væri skýrt ákvarðað, enda sést þar ekki til marka í Hvolsmóa. Og þar sem miðin þrjú eiga öll við um punktinn C, þykir bera að staðfesta hann sem norðvesturhornmark Hvolsjarða og þá jafnframt markalínuna C-D á uppdrættinum.

Samkvæmt landamerkjalyýsingu Hvols frá 1. júní 1921 var norðausturhornmark Hvols hornvarða á óvefengdri austurmarkalínu Hvolsjarða með þessum miðum: „Frá vörðu þessari er að sjá Reyðarfoss opinn undan brekkubrúninni og íbúðarhús Guðmundar í Pétursey laust framundan Eyjarhól“. Þessi mið eiga meðal annars við um punktinn B á uppdrættinum, sem héraðsdómur taldi rétt hornmark á þessum stað. Áfrýjandi telur punktinn E rétt hornmark, en þar sker lína frá punktinum A_1 í stefnu á Reyðarfoss austurmarkalínu Hvolsjarða. Til vara heldur hann því fram, að vörðubrot nokkru fyrir norðan punktinn B hafi verið hin upphaflega hornvarða, en að því eru þó engar sönnur leiddar. Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega fallast á ákvörðun hans um hornmark þetta og þá jafnframt um markalínuna B-C á uppdrættinum.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður. Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, kr. 15.000.00, greiðist úr ríkissjóði. Hinir stefndu Sigurjón Arnason, Elías Guðmundsson, Þórður Guðmundsson og Hörður Þorsteinsson hafa fengið gjafvörn hér fyrir dómi. Málflutningslaun talsmanns þeirra, sem ákveðst kr. 15.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun hinna skipuðu talsmanna, Sigurðar Ólasonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 15.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur merkjadóms Skaftafellssýslu 19. desember 1959.

Ár 1959, laugardaginn 19. desember, var í merkjadómi Skaftafellssýslu í landamerkjamálinu nr. 1/1958: Eigandi Norður-Hvols, Kristján Bjarnason, gegn eigendum Péturseyjarjarðanna: Péturseyjar I og II, Valla og Níkhóls, þeim Sigurjóni Árnasyni, Elíasi Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni og Herði Þorsteinssyni, landbúnaðarráðherra vegna ríkisjarðanna Fells, Holts, Keldudals og Álftagrófar og eigendum Suður-Hvols, þeim Arnþrúði Guðjónsdóttur og Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum, kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f. m., er að ósk eiganda Norður-Hvols tekið upp ex officio samkvæmt lögum um landamerki nr. 41 frá 1919. Er málið risið út af ágreiningi um landamerki milli eiganda Norður-Hvols annars vegar og eigenda allra þeirra jarða, sem nefndar eru í heiti málsins, hins vegar. Auk þeirra Péturseyjarjarða, sem þegar hafa verið nefndar, telst jörðin Eyjarhólar til þeirra, en eigandi hennar, Þorlákur Björnsson, er ekki aðili að máli þessu að öðru leyti en því, að hann hefur stutt síðar greindar kröfur eiganda Norður-Hvols, að því er varðar landamerki milli Péturseyjarjarða og Hvolsjarðanna.

Áður en lengra er haldið, þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu jarða þeirra innbyrðis, er hér koma við sögu. Vestan að landi Hvolsjarða liggur óskipt land allra (fimm) Péturseyjarjarðanna. Land Fells snertir land Hvolsjarða í norðvesturhornpunkti þess. Norðan að landi Hvolsjarða liggja lönd Holts, Keldudals og Álftagrófar. Lönd jarðanna Brekkna og Ása, sem er nýbýli úr landi Brekkna, snerta land Hvolsjarða í norðausturhornpunkti þess. Nyrzt að landi Hvolsjarða að austan liggur land jarðarinnar Steigar.

Eigandi Norður-Hvols hefur krafizt þess aðallega, að landamerki Hvolsjarða (Norður- og Suður-Hvols) verði ákveðin, svo sem sýnt er á uppdrætti á dskj. nr. 2, þ. e.: Að vestan úr tveim vörðum í Hvolsmóa frá punkti D í punkt A (nánar tiltekið punkt A₂) og að norðan úr þeim hornpunkti í punkt E. Til vara krefst hann þess, að vesturlínan verði ákveðin, svo sem nú var sagt, en norðurlínan markist af punktunum A—B á uppdrættinum. Loks hefur hann krafizt málskostnaðar í málinu úr hendi allra gagn-aðilja sinna.

Allir gagnaðiljar eiganda Norður-Hvols hafa mótmælt framan-greindum kröfum hans. Krefjast þeir þess, að landamerki Hvols-jarða að vestan verði ákveðin eftir línunni milli punktanna D og C á fyrrnefndum uppdrætti og norðurmörkin eftir línunni C—B á sama uppdrætti. Þá krefjast þeir allir málskostnaðar úr hendi eiganda Norður-Hvols.

Það athugast, að enginn ágreiningur er milli eigenda Hvolsjarða og eigenda Péturseyjarjarða um landamerki milli jarðanna frá vörðunum í Hvolsmóa (punkti D) og til sjávar. Þá er ekki heldur ágreiningur um landamerki Hvolsjarðanna að austan, og að sunnan liggja þær að sjó.

Hér á eftir verða nú teknar upp orðrétt eftir endurritum úr landamerkjabók Skaftafellssýslu þær merkjalýsingar hlutaðeig-andi jarða, sem ætla má, að máli skipti um ágreining þann, sem hér liggur fyrir til úrlausnar.

1. Lands- og fjörukerki milli jarðanna Péturseyjar og Hvols frá 1. apríl 1888:

„Tvær vörður fram við sjó, sem berj hvor í aðra, og svo til fjalls, þar til sjáist hvassasta af brúninni af Hrosshömrum bera austan við Kristínarklett austan í Fellsfjalli, en þá nær landmark-ið ekki lengra til fjalls en að sjáist (um) sem? hesteyra af Máfa-drang vestan undan Skeiðflatarhlíðinni.“

2. Landamerki milli Péturseyjar og Fells frá sama degi:

„Úr vörðu, sem er á aurunum framan við Klifandiárgilkjaft (sem er sama varða, sem er á landamerki milli Eystri-Sólheima og Fells), úr nefndri vörðu sjáist (um) sem? hesteyra af Máfa-drang vestur undan Skeiðflatarhlíðinni og úr sömu vörðu sama sjónhending á Máfadrang, þar til kemur hornmarkið milli Hvols og Péturseyjar.“

3. Landamörk milli Hvols og Péturseyjar og Hvols og Holts, lýst 1. júní 1921:

„Fjöru-mark, þegar hesteyra af Hrosshömrum ber austan undan

Fellsfjalli að ofan Kristínarkletti, og eru vörður tvær reistar vestast á Hvolsmóa, sem eru í þeirri beinu stefnu. Landmark hið sama, eftir Hafursáraurum alla leið upp í hornmark milli Hvals og Holts og Péturseyjar og Fells, sem er á Hafursáraurum, þar sem hesteyra af Máfadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni og Reyðarfoss er opinn undan Leynimýrarkórum (á miðju sundi). Úr þessu hornmarki er bein lína milli Holts og Hvals í áðurnefnda hornvörðu (hér nefnd síðar) milli Hvals og Steigar.“

4. Landamörk milli Hvals og Hryggja, Ketilsstaða og Steigar, lýst 1. júní 1921:

„Er garður alla leið frá Hryggjarkvíslaraurum móts við Götu-hrygg og upp að Heimríkvíslaraur, þar sem horn af Máfadrang ber yfir miðjan Múla vestan við Geitarfjall. Þaðan bein lína eftir Heimríkvíslaraur, sjónhending á Grófarbæinn og í hornvörðu, sem er í markalínu Holts og Hvals og er hornmark milli Steigar og Hvals og Steigar og Brekknajarða. Frá vörðu þessari er að sjá Reyðarfoss opinn undan brekkubrúninni og íbúðarhús Guðmundar í Pétursey laust framundan Eyjarhól.“

5. Landamerkjaskrá Steigar frá 20. des. 1921:

„... Þaðan beina línu í stefnu á húsið í Álftagróf allt upp að vörðu langt upp á aurunum, þar sem saman koma mörk milli Hvals og Holts og Brekkna ...“

6. Landamerki milli Brekkna og Áss annars vegar og Holts, Keldudals og Álftagrófar hins vegar:

„Ár 1956, sunnudaginn 30. september, vorum við undirritaðir ásamt hreppstjóra Dyrhólahrepps staddir inn á Hafursáraurum til þess að athuga og ná samkomulagi um mörk milli Brekkna og Áss annars vegar og Álftagrófar, Keldudals og Holts hins vegar.

Samkomulag varð, að láta markið vera úr norðausturhorni Hvalsgirðingar austur í aurinn í beina stefnu á Reyðarfoss í Dalaheiði, og eru vörður austur aurinn á þessari stefnu allt að hreppamörkum.“

Hornvarða sú, sem um getur í merkjalýsingunum undir 3.—5. tölulið hér að framan, er nú ekki lengur til, en augljóst er, að hún hefur verið viðurkennt hornmark milli Hvalsjarða, Holts, Brekknajarða og Steigar.

Einn eigenda Suður-Hvals, Guðmundur Eyjólfsson, hefur komið fyrir dóm. Kveður hann, að vörðulína hafi verið á merkjum Hvals að norðan, og segist hafa þetta eftir föður sínum, en hann undirritaði landamerkjalyðinguna frá 1921. Síðar hafi verið girt á vörðulínunni og norðausturhorn girðingarinnar ákveðið þannig,

að miðað hafi verið frá þekktu merki við garðsenda við Heimri-kvíslaraur í Álftagrófarbæinn og hornpunktur ákveðinn, þar sem sú lína hafi skorið vörðulínuna. Þá telur Guðmundur, að fram-lengja eigi norðurgirðingarlínuna í vestur, unz sú lína sker línuna „hesteyra af Mávadrang undan Skeiðflatarhlíðinni“ og „Reyð-arfoss opinn undan Leynimýrarkórum“ (á miðju sundi). Skurð-punktur þessara tveggja lína telur hann norðvesturhornmark Hvals og vesturmörkin beina línu frá þessu hornmarki í vörðurnar tvær í Hvalsmóa.

Ásgeir Pálsson, hreppstjóri í Dyrhólahreppi og umboðsmaður ríkisjarðanna Fells, Holts, Keldudals, Álftagrófar, Brekknatorf-unnar allrar og Ketilsstaða, hefur borið það sem vitni, að hann telji umrædda norðurgirðingu Hvals vera í réttum mörkum, og með því að framlengja hana í vestur, þar til hún sker línuna „hesteyra af Mávadrang undan Skeiðflatarhlíðinni“, fáist norðurlína, svo og að skurðpunktur þessara tveggja lína sé réttur hornpunktur Hvalslands að norðvestan. Vitnið telur þessi mörk hafa gilt svo lengi, sem það mun og hafi heyrt um, eða um 50 ára skeið. Vitni þetta var viðstatt, er samkomulagið, sem rakið er undir 6. tölulið hér að framan, var gert. Kveður það, að enginn ágreiningur hafi verið um hornmarkið, sem var norðausturhorn Hvalsgirðingarinnar, heldur í hvaða stefnu austurlínan frá hornmarkinu hafi átt að vera.

Óskar Jóhannesson, bóndi að Ási, Kjartan Guðmundsson, bóndi að Brekkum II, og Halldór Jóhannesson, bóndi að Brekkum III, hafa allir komið fyrir dóm. Eru þeir sammála um, að land Hvals og Brekknajarða komi hvergi saman nema í hornpunkti, og að sá hornpunktur sé norðausturhorn Hvalsgirðingarinnar.

Tómas Lárusson, bóndi í Álftagróf, hefur komið fyrir dóm. Hann, sem er 53 ára að aldri, kveðst vera fæddur þar og hafa alið þar allan aldur sinn. Hann telur, að umrædd Hvalsgirðing sé í réttum mörkum, enda hafi hún verið sett eftir vörðum, sem enn sjáist að nokkru leyti uppi á aurunum, en sjálf hornvarðan sjáist nú ekki.

Allir ábúendur Péturseyjarjarða hafa komið fyrir dóm.

Hörður Þorsteinsson, bóndi í Níkhól, kveðst vera fæddur og uppalinn í Holti og því hafa aðallega kynnt sér mörk milli Holts og Hvals. Hann kveður föður sinn, Þorstein Einarsson, sem bjó í Holti, hafa sagt sér, að vörður, sem voru á sömu slóðum og Hvalsgirðingin er nú, væru hin réttu mörk milli Holts og Hvals. Hann kveðst ekki geta svarað því, hvort önnur hvor línan, sem

mörkuð er á dskj. nr. 2 sem merki milli Péturseyjarjarða og Hvols (D—A, D—C) sé hin rétta landamerkjalinna.

Sigurjón Árnason, bóndi í Pétursey, sem er 67 ára að aldri og hefur átt þar heima alla sína ævi, nema þrjú ár, skýrir svo frá, að hann viti ekki til, að nokkurn tímann hafi orðið ágreiningur um mörk milli Hvols og Péturseyjar fyrr en þá nú. Hann telur vörðurnar tvær neðst í Hvolsmóa rétt fjörumörk, en um línurnar frá þeim til norðurs (línurnar D—A og D—C á uppdrættinum á dskj. nr. 2), kveðst hann ekki þora að fullyrða. Hann segir vörðu hafa verið á aurunum, þar sem hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni og Reyðarfoss ber undan Leynimýrarkórum á miðju sundi. Um miðið á Kristínarklett kveðst hann ekki eins viss. Umrædda vörðu kveður hann nú horfna.

Elías Guðmundsson, bóndi í Pétursey, sem er 59 ára að aldri og hefur átt þar heima alla sína tíð, kveður landamerkjálýsinguna frá 1921 gilda um mörkin milli Hvols og Péturseyjarjarða. Hann kveður vörðurnar tvær á Hvolsmóa vera rétt fjörumörk og segist hafa álitnið, að lína frá þeim á Kristínarklett væru hin réttu mörk milli jarðanna. Hann telur línuna „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“ vafalausa, og geti þar ekki skeikað neinu verulegu, en um línuna „Reyðarfoss í miðju sundi“ kveðst hann ekki geta sagt.

Þórður Guðmundsson, bóndi á Völlum, segist vera mjög ókunnugur mörkunum, en telur landamerkjálýsinguna frá 1921 gilda um þau. Hann kveðst muna eftir vörðunum í Hvolsmóa og að þær hafi verið taldar fjörumörkin. Þá kveðst hann hafa heyrt, að lína frá vörðum þessum á Kristínarklett réði mörkum milli Hvols og Péturseyjar, en getur þess jafnframt, að hann sé línu þessari ókunnugur og viti varla, hvar Kristínarklettur sé. Enn segist hann hafa heyrt, að línurnar „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“ og línun „Reyðarfoss er opin undan Leynimýrarkórum á miðju sundi“ ættu að vera hornmark, þar sem þær skærust, en ekki kveðst hann vita um vörðu á þeim stað.

Þorlákur Björnsson, bóndi í Eyjarhólum, sem hefur búið þar í rúmlega þrjá áratugi, kveðst þekkja vörðurnar í Hvolsmóa sem fjörumark. Hann telur landamerkin milli Hvols og Péturseyjarjarða vera framlengingu fjörumarksins í Kristínarklett. Ekki kveðst hann þekkja línuna „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“, en hafa heyrt um hana. Línuna í

„Reyðarfoss opinn undan Leynimýrarkórum á miðju sundi“ telur hann ógreinilega, þar sem Reyðarfoss virðist vera í miðju sundi, þó að menn færi sig töluvert til.

Eigandi og ábúandi Norður-Hvols, Kristján Bjarnason, hefur einnig komið fyrir dóm. Hann kveður alltaf hafa verið ágreining um norðausturhornmark Hvolsjarða og hann sé enn fyrir hendi frá sinni hlið, þrátt fyrir samkomulagið frá 30. september 1956, en í því hafi hann ekki tekið þátt. Hann viðurkennir að hafa tekið þátt í að setja upp áður umrædda norðurgirðingu Hvols, en hún hafi ekki verið sérstaklega hugsuð sem mörk frá hans hlið. Heldur hann því fram, að þarna hafi verið um mæðiveikigirðingu að ræða. Kristján telur hin einu réttu mörk milli Hvols og Péturseyjarjarða vera beina línu í gegnum vörðurnar tvær í Hvolsmóa á Kristínarklett og Hrosshamra, og þar, sem þessi lína skeri Mávadrangslínuna, sé hornarkið milli Hvols, Péturseyjar og Fells. Merkji Hvols að norðan telur hann vera beina línu frá nefndu hornarki í Reyðarfoss.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur vottorð varðandi umrædd landamerki.

Einar Þorsteinsson vottar, að hann sé fæddur í Holti árið 1928 og hafi alizt þar upp til 13 ára aldurs. Þá hafi foreldrar hans flutt á aðra jörð, en nytjað Holtið áfram, og hafi því tengsl hans við þá jörð haldizt. Faðir hans hafi verið fæddur og uppalinn í Holti og búið þar mestan hluta búskapar síns. Faðir hans og eldri bræður hafi sagt honum svo til marka milli Holts og Grófarlands annars vegar og Hvolsjarða hins vegar: „Vesturhorn er hesteyra af Mávadrang undan Skeiðflatarhlíðinni og þaðan bein lína að sjá í opinn Reyðarfoss, þar sem hann ber á miðju sundi milli Litla-Höfða og Leynimýrarkóra. Í þessari línu voru markavörður.“

Sæmundur Þorsteinsson vottar, að hann sé fæddur í Holti og hafi dvalizt þar að mestu leyti til 20 ára aldurs. Um landamerki milli Hvolsjarða annars vegar og Holts og Grófar hins vegar hafi honum verið sagt svo: „Vesturhorn er hesteyra af Mávadrang undan Skeiðflatarhlíðinni, er var vörðuð lína í norðaustur.“

Þorsteinn Bjarnason, sem er fæddur árið 1879, vottar, að hann hafi átt heima á Hvoli, frá því að hann var drengur fram til 18 ára aldurs og síðar aftur, frá því hann var 20 ára og þar til hann var 26 ára. Mun hann vel eftir vörðum norðaustur aurana norðan Hvolslands á þessu árabili, og ágreining hafi hann

aldrei heyrt nefndan í sambandi við þessar markvörður, þegar hann var á Hvoli.

Kjartan Guðmundsson vottar, að hann hafi átt heima á Hvoli frá árinu 1915 til 1930. Á þessum 15 árum hafi vörðulínunni milli Hvolslands annars vegar og Álftagrófar og Holts hins vegar verið fylgt sem landamörkum og honum sagt þannig til marka.

Eyjólfur Högnason vottar, að hann hafi frá því að hann var 15 ára gamall átt heima á Hvoli í rúm 50 ár. Frá því hann kom að Hvoli hafi vörður verið á mörkum milli Hvolts annars vegar og Holts og Álftagrófar hins vegar norðaustur aurana.

Séra Sveinbjörn Högnason vottar, að hann hafi átt heima á Hvoli frá 8 til 26 ára aldurs og dvalizt þar oftast á þessu tímabili, er hann hafi ekki verið í skóla. Mörg sumur hafi hann verið látinn annast flugfýlaleit í landi Hvolts, m. a. um skeið með Kristjáni Bjarnasyni, núverandi bónda á Norður-Hvoli. Minnst hann þess ekki að hafa þá nokkru sinni heyrt, að önnur mörk væru þar að ofanverðu um Hvolsland en vörður, sem þar hafi verið þá og legið til landnorðurs á aurunum. Yfir þau mörk hafi ekki verið talið heimilt að fara.

Vottorðum allra framangreindra manna hefur af hálfu eiganda Norður-Hvolts verið mótmælt sem röngum, en ekki sem óstaðfestum.

Til skýringar punktum þeim á uppdrættinum á dómskj. nr. 2, sem nefndir hafa verið hér að framan, og síðar verður einnig vísað til, þykir rétt að lýsa uppdrættinum nokkuð.

Um vörðurnar tvær í Hvolsmóa eru dregnar tvær línur til norðurs frá syðri vörðunni (punkti D), önnur með stefnu á Kristínarklett, en hin með stefnu á Hrosshamra. Liggja línur þessar svo að segja alveg samhliða, en Kristínarklettslínán er aðeins austar. Þar sem línán: „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“ sker línur þessar, er skurðpunktur austari línunnar auðkenndur A_1 , en skurðpunktur vestari línunnar A_2 . Fjarlægðin milli línanna á þessum stað er eftir uppdrættinum 4,40 metrar. Frá punkti A_1 er síðan dregin lína í norðausturhorn oftnefndrar Hvolsgirðingar, og er sá punktur auðkenndur B á uppdrættinum. Til suðvesturs frá þeim punkti er svo dregin lína, er fyrst fylgir Hvolsgirðingunni, og þegar girðingunni sleppir, er línán framlengd, þar til línán: „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“ sker hana. Er sá skurðpunktur auðkenndur C. Milli punktanna C og D er síðan dregin brotin lína.

Í málinu liggja fyrir vottorð tveggja manna þess efnis, að

girðing, sem á sínum tíma var sett upp í Hvolslandi vegna mæðiveikivarna, hafi öll verið sunnan þjóðvegarsins, en hann liggur yfir Hvolsland langt fyrir sunnan norðurmörk þess. Vottorðum þessum hefur ekki verið mótmælt sem óstaðfestum, og þykir sýnt, að umrædd norðurgirðing Hvals hafi ekki verið sett upp vegna mæðiveikivarna, svo sem eigandi Norður-Hvals heldur fram.

Með skýrslum kunnugra manna um staðhátta, gefnum fyrir dómi, og eftir landamerkjálýsingum þykir nægilega í ljós leitt, að norðausturhorn margnefndrar Hvolsgirðingar sé rétt norðausturhornmark Hvalsjarða (punktur B). Þá verður og að teljast nægilega sannað með skýrslum, gefnum fyrir dómi, og vottorðum, að vörðulína hafi verið á norðurmörkum Hvolslands svo og að oftnefnd girðing, sem liggur til suðvesturs frá nefndu hornmarki, hafi verið sett niður í vörðulínuna.

Þegar dómendur gengu á merki ásamt lögmönnum aðilja og nokkrum aðiljanna, gengu þeir úr skugga um, að frá nefndu hornmarki sést Reyðarfoss opinn og bæjarhúsin í Pétursey laus fram undan Eyjarhól, sbr. merkjalýsinguna undir tölulið 4. Farið var nokkuð fram með girðingunni, og sáust tvö eða þrjú vörðubrot í girðingarlínunni, en vegna þess að snjóföf var, sást ekki eins vel til verksummerkja á jörð og ákjósanlegt hefði verið. Þá miðuðu dómendur stefnu girðingarlínunnar til norðausturs, og var stefna hennar nálægt því að vera á Reyðarfoss í miðju sundi, sbr. merkjalýsinguna undir tölulið 3, þ. e. milli Litla-Höfða og Búrfells, en þó aðeins norðan við fossinn, en það frávik er svo lítið, eða eftir því sem fram hefur komið $0^{\circ}11'$, að það verður ekki talið skipta máli.

Samkvæmt því sem hér að framan er rakið, verða þá norðurmörk Hvalsjarða talin vera frá norðausturhorni margnefndrar Hvolsgirðingar, þ. e. punkti B, til suðvesturs eftir girðingunni og síðan, er girðingunni sleppir, við beina línu í framhaldi af henni í sömu átt, þar til komið er að hornmarki því, er nú verður greint.

Hornmark það, varða á aurunum framan við Klifandiárgil-kjaft, sem getið er um í landamerkjálýsingunni undir 2. tölulið hér að framan, og víðar í gögnum málsins, er ekki lengur til. Hins vegar er víða í landamerkjálýsingunum talað um sama miðið á hornmark þetta, þ. e. þegar hesteyra af Mávaðrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni. Þykir því einsýnt að ákveða norðvesturhornmark Hvalsjarða á þeim stað, þar sem lína, tekin eftir miði þessu, sker fyrrgreinda norðurlínu, enda er miðið

greinilegt og óumdeilt. Er staður þessi merktur C á uppdrættinum á dskj. nr. 2. Verða því norðurmörk Hvalsjarða við línuna, sem dregin er milli punkta B og C á uppdrættinum. Af ákvörðun norðvesturhornmarks Hvalsjarða á þessum stað leiðir, að vesturmörk lands þeirra teljast vera við beina línu, sem dregin er frá hornmarkinu (punkti C) í syðri vörðuna í Hvolsmóa (punkt D), enda virðast og þau mörk geta komið heim við landamerkjalyásinguna undir 3. tölulið hér að framan. Um vesturmörk Hvalsjarða frá nefndri vörðu (punkti D) til sjávar er, svo sem áður er komið fram, enginn ágreiningur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Kjartansson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, hefur kveðið upp dóm þenna ásamt samdómendunum Birni Björnssyni, sýslumanni í Rangárvallasýslu, og Ísleifi Árnasyni, fulltrúa borgardómara í Reykjavík.

Dómsorð:

Norðurmörk Hvalsjarða teljast vera frá norðausturhorni Hvolsgirðingar eftir girðingunni til suðvesturs og síðan í beinu áframhaldi girðingarlínunnar í sömu átt, þar til lína eftir miðinu: „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“ sker línu þessa, þ. e. við línu milli punktanna B og C á uppdrættinum á dómskj. nr. 2.

Vesturmörk Hvalsjarða teljast vera við beina línu frá norðvesturhornmarkinu í syðri vörðuna á Hvolsmóa, þ. e. við línuna milli punktanna C og D á nefndum uppdrætti.

Vesturmörkin frá vörðunum í Hvolsmóa til sjávar eru ágreiningslaus.

Málskostnaður falli niður.
